

Tíðarfar í desember 2013

Stutt yfirlit



Starfsmenn Veðurstofu Íslands og Orkubús Vestfjarða vinna að uppsetningu á nýrri veðurstöð á Arnkötludalsheiði hinn 6. desember 2013. Ljósmynd: Vilhjálmur Smári Þorvaldsson.

Tíð var óróleg í desember. Mikið kuldakast gerði dagana 4. til 8. en annars var hiti ekki langt frá meðallagi. Hiti var ofan við meðallag árána 1961 til 1990 á Austfjörðum en annars í því eða lítillega undir. Kaldast að tiltölu var á Vestfjörðum. Úrkoma var undir meðallagi suðvestanlands en annars yfir því, langmest þó á Austfjörðum.

Hiti

Meðalhiti í Reykjavík var -0,5 stig, það er 0,2 stigum undir meðallagi árána 1961 til 1990 en 1,3 stigi undir meðallagi síðustu 10 ára (2003 til 2012). Mun kaldara var í desember fyrir tveimur árum heldur en nú. Meðalhiti á Akureyri var -1,9 stig. Það er í meðallagi árána 1961 til 1990 en 1,3 stigi undir meðallagi síðustu 10 ára, eins og í Reykjavík. Í Stykkishólmi var meðalhiti -0,8 stig, 0,1 stigi neðan meðallags 1961 til 1990. Á Höfn í Hornafirði var meðalhitinn 0,8 stig og -6,6 á Hveravöllum.

Meðalhita og vik á fleiri stöðvum má sjá í töflu:

stöð	hiti	vik	röð	af
Reykjavík	-0,5	-0,2	86 til 87	143
Stykkishólmur	-0,8	-0,1	101	168
Bolungarvík	-1,4	-0,5	86	116
Akureyri	-1,9	0,0	82	133
Egilsstaðir	-2,4	-0,2	40	59
Dalatangi	1,0	0,4	55	75
Teigarhorn	0,6	0,7	62 til 64	141
Höfn í Hornaf.	0,8			
Stórhöfði	1,2	-0,3	78	136
Hveravellir	-6,6	-0,3	33	48
Árnes	-1,9	0,1	76	134

Hæstur var meðalhiti mánaðarins á Vattarnesi, 1,5 stig. Þess verður þó að geta að talsvert vantaði í athuganir á þeim þremur stöðvum sem venjulega eru hlýjastar á þessum tíma árs; Surtsey, Vestmannaeyjabær og Önundarhorn, og varð að sleppa þeim í samanburðinum. Lægstur var meðalhitinn í Sandbúðum, -8,0. Í byggð var meðalhitinn lægstur í Möðrudal, -5,8 stig.

Hæsti hiti mánaðarins mældist á Seyðisfirði þann 1., 12,8 stig. Á mannaðri stöð mældist hitinn hæstur 12,6 stig sama dag á Skjaldþingsstöðum.

Lægsti hiti mánaðarins mældist -31,0 stig við Mývatn þann 6. Lægsti hiti á mannaðri stöð mældist -24,2 stig á Grímsstöðum á Fjöllum þann 7. Lágmarkið á Mývatni er nýtt landsdægurlágmark fyrir 7. desember [eldra met var -22,0 stig úr Þúfuveri 2010], lágmarkshitinn á sama stað daginn eftir, þann 7., -26,8 stig, er sömuleiðis nýtt dægurlágmark [eldra met var -24,3 stig, sett í Möðrudal 2010]. Þann 5. var líka sett nýtt landsdægurlágmarksmet þegar hitinn fór niður í -24,7 stig við Kolku [eldra met var -22,5 stig, sett í Möðrudal 1999].

Úrkoma

Úrkoma var undir meðallagi suðvestanlands en yfir því í öðrum landshlutum og sums staðar mikið. Úrkoma í Reykjavík mældist 61,6 mm og er það um 20 prósentum undir meðallagi. Á Akureyri mældist úrkoman 104,9 mm og er það nærri tvöfaldri meðalúrkomu í desember. Úrkoma mældist enn meiri á Akureyri í desember 2009. Í Stykkishólmi mældist úrkoman 92,8 mm sem er nærri 30 prósent umfram meðallag. Á Höfn í Hornafirði mældist úrkoma 145,7 mm en 114,3 mm á Stórhöfða í Vestmannaeyjum og er það um 20 prósent undir meðallagi.

Dagar þegar úrkoma mældist 1 mm eða meiri voru 13 í Reykjavík, einum færri en í meðalári. Á Akureyri voru slíkir dagar 17, sex dögum fleiri en í meðalári.

Sólskinsstundafjöldi

Sólskin í Reykjavík mældist í 9,3 stundir, 3 stundum færri en í meðalári.

Snjólag

Alhvítt var 22 daga í Reykjavík og er það níu dögum fleiri en að meðaltali 1971 til 2000. Aðeins einn alauður dagur var í Reykjavík í mánuðinum. Á Akureyri voru alhvítu dagarnir 23 og er það einum degi umfram meðaltal í desember 1971 til 2000.

Vindhraði og loftþrýstingur

Vindhraði á landinu var um 0,8 m/s yfir meðallagi. Þetta er með mesta móti á síðari árum, á mönnuðu stöðvunum sá mesti í desember frá 1994. Sá 16. var hægastur daga í mánuðinum en jóladagur sá hvassasti. Meðalvindhraði var einnig mjög hár á aðfangadag.

Meðalloftþrýstingur í Reykjavík var 985,9 hPa og er það 15,2 hPa undir meðallagi. Meðalþrýstingur hefur ekki orðið svona lágur í desember síðan 1951. Hæstur þrýstingur í mánuðinum mældist 1031,9 hPa á Bergstöðum þann 6. en lægstur mældist hann 942,6 hPa á sjálfvirku stöðinni á Dalatanga þann 19.

Snjókoma



Jólasnjórinn á höfuðborgarsvæðinu kom nokkru fyrir jól. Myndir er tekin um kl. 12:30 hinn 14. desember 2013 í Kópavogi. Ljós.: Þórður Arason.

Skjöl fyrir desembermánuð

Meðalhiti á sjálfvirkum stöðvum í [desember 2013](#).